

1. janúar 1966 og með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 12.000.00 í málskostnað.

Viðurkenndur er sjóveðréttur stefnanda til handa í b/v Skúla Magnússyni, RE 202, fyrir dæmdum fjárhæðum.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 13. nóvember 1968.

Nr. 97/1968. **Strandberg h/f**

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Guðfinnu Ástu Strandberg

(Áki Jakobsson hrl.)

og

Guðfinna Ásta Strandberg

gegn

Strandbergi h/f, Erni Baldvinssyni

og Guðjóni Baldvinssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Nafnréttur. Ættarnafn. Firma. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 9. maí 1968, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 27. s. m. og krafizt sýknu af kröfum gagnáfrýjanda, Guðfinnu Ástu Strandbergs, og málskostnaðar úr hennar hendi bæði í hér-aði og hér fyrir dómi.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 29. maí 1968, áfrýjað málinu með stefnu sama dag og krafizt þess, að aðaláfrýjanda, Strandbergi h/f, verði dæmt skylt að fella niður úr firmaheiti sínu nafnið „Strandberg“ og afmá það úr hlutafélagaskrá. Þá hefur gagnáfrýjandi krafizt þess,

að aðaláfrýjanda og stefndu, Erni Baldvinssyni og Guðjóni Baldvinssyni, verði dæmt að greiða henni óskipt kr. 50.000.00 með 7% ársvöxtum frá 30. september 1967 til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Svo sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, tók faðir gagnáfrýjanda, Árni Jónsson, upp ættarnafnið Strandberg á árinu 1916 samkvæmt heimild í 6. gr. laga nr. 41/1913, og var nafnið birt í B-deild Stjórnartíðinda 1916. Gagnáfrýjanda er því heimilt að bera ættarnafn þetta samkvæmt 2. mgr. 3. gr. laga nr. 54/1925.

Hinn 9. ágúst 1961 skráðu stefndu Örn og Guðjón sameignarfélag hér í Reykjavík með firmanafninu Strandberg. Sameignarfélag þetta var afmáð úr firmaskrá 22. júní 1967 að ósk eigenda, en sama dag var skráð í hlutafélagaskrá hlutafélagið Strandberg, og eru stefndu Örn og Guðjón báðir meðal stofnenda þess og stefndi Örn formaður félagsstjórnar.

Í 1. mgr. 9. gr. laga nr. 84/1933 er bannað að nota í atvinnuskyni nafn, sem sá hefur ekki rétt til, er notar. Samkvæmt því og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdóms er aðaláfrýjanda því óheimilt að nota ættarnafn gagnáfrýjanda í firmanafni sínu, og ber að staðfesta héraðsdóminn að þessu leyti.

II.

Með hliðsjón af bótareglum 3. mgr., sbr. 4. mgr. 16. gr. laga nr. 84/1933 þykir gagnáfrýjandi eiga rétt á nokkrum bótum vegna fyrrgreindrar háttsemi. Þar sem stefndu Örn og Guðjón stofnuðu fyrst án heimildar sameignarfélag, er bar ættarnafn gagnáfrýjanda, en lögðu það niður og stofnuðu hlutafélag með sama nafni, þá er rétt, að þeir greiði óskipt með aðaláfrýjanda bætur til gagnáfrýjanda, er þykja hæfilegar kr. 10.000.00, auk 7% ársvaxta frá 30. september 1967.

Eftir þessum málalokum þykir rétt, að aðaláfrýjandi og stefndu greiði gagnáfrýjanda óskipt málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals kr. 18.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjanda, Strandbergi h/f, er skylt að fella úr firmaheiti sínu nafnið „Strandberg“ og afmá það úr hlutafélagaskrá.

Aðaláfrýjandi og stefndu, Örn Baldvinsson og Guðjón Baldvinsson, greiði óskipt gagnáfrýjanda, Guðfinnu Ástu Strandberg, kr. 10.000.00 með 7% ársvöxtum frá 30. september 1967 til greiðsludags og kr. 18.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 11. desember 1967.

Mál þetta, sem dómtekið var 5. þ. m., hefur Guðfinna Ásta Strandberg, Víðihvammi 6, Kópavogi, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 30. september 1967, gegn Erni Baldvinssyni, til heimilis að Lindarflöt 35, Garðahreppi, formanni stjórnar hlutafélagsins Strandbergs, Reykjavík, f. h. félagsins og enn fremur nefndum Erni persónulega og gegn Guðjóni Baldvinssyni persónulega, til heimilis að Lindarflöt 50, Garðahreppi.

Í stefnu hefur stefnandi gert þær dómkröfur, að hlutafélagið Strandberg verði skyldað til þess með dómi að fella niður nafnið Strandberg, og jafnframt hefur stefnandi krafizt þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða sér kr. 50.000.00 í miskabætur ásamt 7% ársvöxtum frá birtingardegi stefnu til greiðsludags og málskostnað samkvæmt mati réttarins.

Stefndu hafa gert þær dómkröfur, að þeir verði sýknaðir af kröfum stefnanda og að þeim verði tildæmdur málskostnaður samkvæmt mati réttarins.

Við munnlegan flutning málsins gerði stefnandi sömu kröfur og í stefnu, sem raktar hafa verið hér að framan, að því viðbættu, að hann krafðist þess, að hlutafélagið Strandberg yrði dæmt til þess að afmá orðið Strandberg úr hlutafélagaskrá.

Lögmaður stefndu hefur fallizt á, að breyting þessi á kröfugerð stefnanda fái komizt að í málinu.

Leitazt hefur verið við að koma á sáttum í máli þessu, en sú viðleitni hefur eigi borið árangur.

Málavextir eru þessir.

Árið 1916 tók Árni Jónsson, bakari í Kaupmannahöfn, upp ættar-

nafnið Strandberg samkvæmt heimild í lögum nr. 41 frá 10. nóvember 1913. Var nafnið auglýst í B-deild Stjórnartíðinda árið 1916, bls. 386—387. Stefnandi, sem er dóttir nefnds Árna Jónssonar, telur, að sér beri réttur til ættarnafnsins Strandbergs samkvæmt 3. gr. laga nr. 54 frá 27. júní 1925.

Hinn 9. ágúst 1961 létu stefndu Guðjón Baldvinsson og Örn Baldvinsson skrá í Reykjavík sameignarfélag undir nafninu Strandberg og ráku það sem verzlunarfirma þar til 22. júní 1967. Þá var sameignarfélag þetta afmáð úr firmaskrá, en sama dag var af sömu aðiljum skráð hlutafélagið Strandberg h/f í Reykjavík.

Hinn 20. september 1967 ritaði lögmaður stefnanda firmanu Strandbergi s/f, umboðs- og heildverzlun, bréf, þar sem þess er farið á leit, að firmað felli niður nafnið Strandberg úr firmaheiti sínu, þar sem þessi notkun brjóti gegn rétti stefnanda til nafnsins.

Með bréfi, dags. 22. september 1967, svaraði lögmaður stefndu þessari málaleitan lögmanns stefnanda neitandi.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á því, að samkvæmt 10. gr. laga nr. 42 frá 1903 um verðlanaskrár, firmu og prókúruumboð megi enginn maður nota í firma sínu nafn annars manns eða nafn á fasteign annars manns án hans leyfis. Hafi stefndu því verið óheimilt að nota nafnið Strandberg, sem sé skráð ættarnafn hennar, þar eð faðir hennar Árni Jónsson hafi tekið það nafn upp og látið skrá það samkvæmt lögum nr. 41 frá 1913 og sú nafnupptaka hafi verið birt á löglegan hátt í Stjórnartíðindum árið 1916. Að vísu sé nú búið að afnema lög nr. 41 frá 1913, en samkvæmt 3. gr. núgildandi nafnalaga nr. 54 frá 1925 megi þeir, sem tóku upp ættarnöfn, eftir að lög nr. 41 frá 1913 komu í gildi, og börn þeirra halda þeim ættarnöfnum alla ævi. Stefnandi telur, að með því að nota á þennan hátt skráð ættarnafn hennar sem firmanafn hafi stefndu brotið gegn löglegum rétti hennar og því beri að skylda þá til að fella nafnið niður úr heiti hlutafélagsins.

Stefnandi telur, að sér hafi verið gerður miski með því, að ættarnafn hennar hafi verið notað þannig sem firmanafn. Þetta hafi átt sér stað með sameignarfélagið Strandberg, sem þeir meðstefndu Guðjón og Örn Baldvinssynir hafi skráð og rekið í sex ár, og það endurtaki sig nú með hlutafélagið Strandberg, sem þeir bræður séu aðiljar að og skráð hafi verið síðastliðið

sumar. Stefnandi telur, að kr. 50.000.00 séu hæfilegar miskabætur sér til handa vegna hinnar ólöglegu notkunar á ættarnafni hennar.

Stefndu Guðjón og Örn Baldvinssynir reisa sýknukröfur sínar á því, að þeir hafi lagt niður sameignarfélagið Strandberg hinn 22. júní 1967 og sé því til einskis að krefjast þess, að þeir verði skyldaðir til þess að leggja nafnið niður. Sé því af þeirri ástæðu ekki efni til þess að hafa uppi kröfugerð á hendur þeim persónulega.

Stefndi Strandberg h/f byggir sýknukröfu sína á því, að skýra beri 10. gr. laga nr. 42 frá 1903 þröngt, þar sem m. a. segir:

„Enginn má í firma sínu hafa nafn annars manns eða nafn á fasteign annars manns án hans leyfis“.

Telur stefndi, að þetta lagaákvæði taki til dæmis ekki til þeirra firmaheita, sem eðli sínu samkvæmt skirskota ekki sérstaklega til nafngreindrar persónu, heldur séu tekin beint úr orðasafni íslenzkrar náttúru, svo sem eigi sér stað um orðið „Strandberg“. Þurfi tæplega að undirstrika, hver munur sé á firmaheitinu Strandberg h/f og því, ef firma væri nefnt Guðfinna Ásta Strandberg h/f. Hið fyrra standi eitt sér og þurfi ekki að fela í sér nafn tiltekins manns eða benda til tengsla við neinn tiltekinn einstakling, eins og eigi sér hins vegar stað um hið síðarnefnda.

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 42 frá 1903 eigi íslenzk firmu að bera nöfn, sem samrýmist íslenzku málkerfi. Þannig hafi það tíðkast að taka firmaheiti úr orðaforða íslenzkrar náttúru, rétt eins og átt hafi sér stað um ættarnöfnin, meðan upptaka hafi verið látin viðgangast. Í mjög mörgum tilfellum beri svo við, að tiltekið orð hafi verið tekið upp sem ættarnafn, firmaheiti, skipsnafn og bæjarheiti. Útilokað væri og auk þess mundi það hafa í för með sér ófyrirsjáanlegar afleiðingar, ef þeir, sem hafa tiltekið orð heimilað sem ættarnafn, gætu bannað öllum öðrum notkun þess í allt öðrum tilgangi. Ekki sé nokkur leið að sjá, að stefnandi hafi öðlzt þann rétt yfir orðinu „Strandberg“, að öll önnur notkun þess til nafngiftar sé ólögleg. Það sé kunnara en frá þurfi að segja, að venja sé, að íslenzkir þegnar kenni sig til föður og að ættarnöfn sé undantekning, sem heimiluð sé þeim, er þegar hafi tekið þau upp og niðjum þeirra auk þeirra, sem veitt var sérstök heimild til þess að taka upp ættarnöfn, eins og átti sér stað um föður stefnanda.

Til vara krefjast stefndu þess, að hugsanlegar miskabætur verði

felldar niður eða stórlega lækkaðar, þar eð engar sönnur séu á það færðar, að notkun orðsins „Strandbergs“ sem firmaheitis hafi skapað stefnanda nokkurn miska.

Svo sem fyrr er rakið, tók Árni Jónsson, faðir stefnanda, upp ættarnafnið „Strandberg“ árið 1916 í samræmi við ákvæði þágildandi laga um mannanöfn nr. 41/1913. Þau lög voru felld úr gildi með lögum um mannanöfn nr. 54 frá 1925. Í 2. mgr. 3. gr. áðurgreindra laga segir svo: „Þeir íslenzkir þegnar og börn þeirra, sem nú bera ættarnöfn, sem upp eru tekin síðan lög nr. 41, 1913, komu í gildi, meiga halda þeim alla ævi“. Samkvæmt þessu ákvæði hefur stefnandi, sem er dóttir Árna Jónssonar, rétt til að bera ættarnafnið „Strandberg“.

Í 10. gr., 1. mgr., laga nr. 42/1903 um verzlunaskrár, firmu og prókúruumboð segir: „Enginn má í firma sínu hafa nafn annars manns eða nafn á fasteign annars manns án hans leyfis“.

Telja verður, að firmaheitið „Strandberg h/f“ sé til þess fallið að vekja þá hugmynd, að hið stefnda félag sé í tengslum við þá menn, er bera ættarnafnið Strandberg. Með því verður að telja, að upptaka nafnsins „Strandbergs“ í firmaheiti sé brot gegn 10. gr. laga nr. 42/1903, sbr. 18. gr. laga nr. 77/1921 um hlutafélög, enda verður ekki á það fallið með stefndu, að skýra beri ákvæði þessi þröngt.

Ber því samkvæmt kröfu stefnanda að dæma stefnda hlutafélagið Strandberg til þess að fella niður nafnið „Strandberg“ úr firmaheiti sínu og afmá það úr hlutafélagaskrá.

Að því er varðar miskabótakröfu stefnanda á hendur stefndu, þá hefur eigi verið gert sennilegt, að hún hafi orðið fyrir miska vegna hinnar ólögmetu notkunar stefndu á ættarnafni hennar. Þar sem ákvæði 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, er fjallar um miskabætur, er einungis heimildarákvæði, þykir ekki efni til að dæma stefndu til þess að greiða stefnanda miskabætur. Verða því stefndu Guðjón og Örn Baldvinssynir sýknaðir í máli þessu. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður gagnvart þeim.

Eftir þessum málalokum þykir rétt að dæma stefnda Strandberg h/f til þess að greiða stefnanda málskostnað, enda fengust forsvarsmenn þess eigi til að fella niður nafnið án málssóknar, er eftir því var leitað. Þykir málskostnaður þessi hæfilega ákveðinn kr. 8.000.00.

Magnús Thoroddsen borgardómari kvað upp dóm þennan ásamt

meðdómendunum Gauki Jörundssyni lektor og Jóni L. Arnalds deildarstjóra.

Dómsorð:

Stefndu Guðjón og Örn Baldvinssynir eiga að vera sýknir persónulega í máli þessu. Málskostnaður gagnvart þeim fellur niður.

Stefnda Strandberg h/f er skylt að fella niður úr firmaheiti sínu nafnið „Strandberg“ og afmá það úr hlutafélagaskrá.

Stefndi Strandberg h/f greiði stefnanda, Guðfinnu Ástu Strandberg, kr. 8.000.00 í málskostnað.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 13. nóvember 1968.

Nr. 103/1968. **Rafmagnsveitur ríkisins**

(Kristján Eiríksson hrl.)

gegn

Hákoni Sigurðssyni

(Skúli J. Pálmason hdl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Jónatan Hallvarðsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og prófessor Theódór B. Línal.

Vinnuslys. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 30. maí 1968, að fengnu áfrýjunarleyfi 21. s. m. Hann krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og hér fyrir dómi.

Gagnáfrýjandi, sem áfrýjað hefur málinu samkvæmt hein-